

Föstudaginn 6. apríl 1990.

Nr. 281/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Guðna Elíassyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Nauðgun. Reynslulausn. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1989 að ósk ákærða og af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur um sakfellingu samkvæmt ákæru og greiðslu sakarkostnaðar, en refsing verði þyngd. Þá er þess krafist, að miskabætur verði hækkaðar og beri vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. apríl 1989 til greiðsludags. Að lokum er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði milduð. Hann krefst þess, að bótakröfu verði vísað frá dómi, en mótmælir til vara kröfu um hækkun miskabóta, þar eð hún hafi ekki komið fram í áfrýjunarstefnu.

Mál þetta var upphaflega flutt fyrir Hæstarétti 20. október 1989. Hæstiréttur óskaði eftir frekari rannsókn. Hinn 7. desember 1989 var lakið, sem um getur í héraðsdómi, ásamt blóðsýnum úr ákærða og K, er tekin voru 29. nóvember s.á., send dr. Patrick J. Lincoln til rannsóknar, en hann starfar við The London Hospital Medical College í London. Hafði Gunnlaugur Geirsson, prófessor við Háskóla Íslands, milligöngu um þetta að ósk rannsóknarlögreglu ríkisins. Dr. Patrick J. Lincoln staðfesti í bréfi til Gunnlaugs Geirssonar prófessors, dags. 19. janúar sl., að rannsókn á bletti í lakinu hafi leitt í ljós, að um sæðisblett var að ræða, en blóðflokkagreining, er hann framkvæmdi, benti til þess, að sæðið væri ekki úr ákærða.

Þrátt fyrir niðurstöðu þessarar rannsóknar standa forsendur héraðsdóms fyrir sakfellingu ákærða óhaggaðar að öðru leyti. Ber

með skírskotun til þeirra að staðfesta bæði sakarmat héraðsdómara og færslu brots ákærða til refsíákvæða. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár og 6 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist, sem ákærði hefur sætt óslitið frá 9. apríl 1989. Þá þykir með vísan til forsendna héraðsdóms mega staðfesta úrlausn hans um bótakröfu K.

Vextir af bótum ákvarðast eins og í dómsorði greinir.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðni Eliasson, sæti fangelsi í 3 ár og 6 mánuði. Gæsluvarðhald ákærða frá 9. apríl 1989 komi til frádráttar dæmdri refsingu.

Ákærði greiði K 300.000 krónur með vöxtum frá 9. apríl 1989 til greiðsludags samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, sbr. og auglýsingar Seðlabanka Íslands.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. júní 1989.

Ár 1989, föstudaginn 30. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 306/1989: Ákærvaldið gegn Guðna Eliassyni, sem tekið var til dóms 21. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 21. apríl sl., á hendur ákærða, „Guðna Eliassyni, Nóatúni 30, Reykjavík, kt. 300161-3919, fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 9. apríl 1989 með ofbeldi þröngvað K, fæddri [...] 1957, til holdlegs samræðis að [...] í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Kl. 5.46 að morgni hins 9. apríl sl. var óskað lögregluaðstoðar í íbúð á 1. hæð til hægri að [...] hér í borg vegna ætlaðrar nauðgunar. Á vettvangi hittu lögreglumenn fyrir K, fædda [...]. Kærði hún ákærða í máli þessu fyrir nauðgun. Ákærði var í íbúð í sama húsi á 1. hæð til vinstri, og var hann handtekinn þar og fluttur á lögreglustöðina að Hverfisgötu 113.

K var flutt á slysadeild Borgarspítalans, þar sem Dóra Lúðvíksdóttir læknir skoðaði hana. Í vottorði Stefáns Carlssonar læknis um skoðunina, dagsettu 17. apríl sl., segir, að komið hafi verið með K á slysadeildina kl. 6.16. Segir síðan í vottorðinu:

„Við skoðun á höfði er hún með eymsli dreifð um allan hársvörð, segir hann hafa togið (sic) í hár sitt. A.m.k. 2 marblettir framan á hálsi um 2 cm stórir. Eymsli í vörum, þar sjást ekki áverkamerki. Er með sár á baki, u.þ.b. 1 cm. sem virðist vera eftir neglur og þar er einnig mar um 2 x 2 cm. að stærð. Vinstri handleggur: Fjölmargir 1-2 cm. marblettir um 10 cm. fyrir ofan vinstri úlnlið. Doði og hiti á vinstri upphandlegg og þar er mar. Hægri handleggur: Nokkrir litlir marblettir á hægri framhandlegg. Hægra læri: Sár á framanverðu lærinu 1 x 1 cm. og marblettir að innanverðu lærinu virðist vera eftir fingur. Hægri fótleggur: Hrufl við hægri ökkla ca. 1 x 1 cm. og mar um 2 x 2 cm. yfir hægra hælbeini. Vinstri fótleggur: Mar 2 x 2 cm. á vinstri rist og annar marblettur 1 x 1 cm. yfir ökkallaliðnum innanverðum og marblettur utanvert á vinstra læri u.þ.b. 2 x 2 cm. að stærð.

Ekki þótti ástæða til að gera neitt að þessum sárum og marblettum og fékk K að skoðun lokinni að fara heim af slysadeild.

Samantekt.

Um er að ræða 31 árs konu sem er flutt á slysadeild 09.04.89 eftir nauðgun. Við skoðun á slysadeild komu í ljós marblettir vítt og breitt (sic) um líkamann og eymsli sem koma vel heim og saman við að hafa komið eftir átök við annan aðila, bæði sárin og marblettir.“

Samkvæmt bréfi læknisins, dagsettu 7. þ.m., er um prentvillu að ræða í vottorðinu, þar sem talað er um „doða og hita í vi. upphandlegg“, og í stað orðsins doði á að vera roði.

Þá skoðaði Arnar Hauksson, dr. med., K kl. 7.30 um morguninn. Segir svo um skoðunina í vottorði læknisins, sem er sérfræðingur í kvensjúkdómalækningum:

„Almenn skoðun: Nokkrir áverkar eru þegar sýnilegir eða að koma í ljós. Innanvert á við framhandlegg eru tveir gómstórir (1x1 cm) marblettir strax ofan úlnliðs og 2 örlítið stærri ofan og neðan utanverðs við. olnboga. Að auki verulegur roði og erting í húð á við. olnboga. Á hægri framhandlegg neðan og utanvert er 1 ca. 1 cm. stór marblettur en stærra svæði ca. 5x6 cm. stórt þrútið og rautt þar neðan við. Á miðjum framanverðum hálsi hægra megin er ca. 1x1 cm. rauður blettur, mar/sog. Á við. síðu frá hæð við við. brjóst er ca. 15 cm. löng rispa með miklum roða í kring sem teygir sig aftur á bak. Undir við. herðablaði (sömu megin alt so (sic)) eru tveir svipadír áverkar, rispur eða klór. Sú efri ca. 13 cm. löng og sú neðri ca. 10 cm. löng og stefna upp á við. Talsverður roði og þroti í kring og á milli þeirra. Utanvert á hæ. hné er rispa og aftar við hnésbót byrjandi mar. Nokkur roði aftan á hæ. læri, undir rasskinn.

Kvensjúkdómaskoðun: Ytri barmar þrútnir og smárispur. Að auki er hægra megin ca. 0,7 mm sár, rífa í húðinni milli minni og stærri barma, fersk. Önnur ca. 1,2 cm. strætti (sic) vinstra megin á sambærilegum stað. Húðin er klístrug. Tíðatappi er í leggöngum. Þegar hann er fjarlægður er talsvert tíðablóð, svo erfitt er að meta þetta. Tekin eru stök frá húð og leggöngum fyrir smásjárskoðun.

Smásjárskoðun: Ekki sjást neinar sæðisfrumur, hvorki frá húð eða (sic) leggöngum, einungis ríkulegt magn rauðra blóðkorna.

Niðurstaða: K kærir mann fyrir meinta nauðgun. Hún ber allverulega ytri áverka, meira en talist getur eðlilegt. Allir ferskir, og jafnvel mætti búast við að ekki væru allir komnir fram enn. Áverkarnir eru svo staðsettir að samrýmt gæti lýsingu af átökum. Að auki finnast sár við ytra op legganga, sem ekki koma nema af ytri áverka, þ.e. ef einhver reyndi að troða sér nauðugur/eða einhverju/ inn í leggöngin. Skoðunin styrkir frásögn K um ofbeldi og nauðgun jafnvel þó ekki takist að finna sæðisfrumur. Það gæti bæði stafað af því að hinn grunaði hafi ekki haft sáðlát, og svo hinu að tíðablóð og tíðatappi skemmi möguleika (sic) að ná sýni.“

Arnar Hauksson og Dóra Lúðvíksdóttir hafa bæði komið fyrir dóm sem vitni og staðfest lækniSSkoðun sína. Þau gátu ekki gefið skýringu á því, að vottorðunum ber ekki saman að nokkru leyti um sýnilega áverka K við skoðun.

Ákærða var tekið blóðsýni til alkóhólákvörðunar kl. 6.30 umræddan morgun. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist það (sic) innihalda 1,68‰ alkóhóls.

Þá var ákærði skoðaður af Þórarni Gíslasyni, fangelsislækni í Síðumúla-fangelsi, kl. 14.20 sama dag. Segir í vottorði læknisins, dagsettu sama dag, að ákærði hafi verið dálítið titrandi og að daufan áfengisþef hafi lagt frá vitum hans. Samkvæmt skoðuninni voru 2 sár með roða og mari á vinstri

öxl ákærða, og vottaði fyrir tannaförum í kanti þeirra. Efra sárið var 4,5 sm x 3,5 sm og hið neðra 2,5 sm x 3,0 sm. Þá var sár um miðjan vinstri handlegg framanverðan. Var það sár með áberandi rauða kanta og öðruvísi en hin tvö. Á baki ákærða, yfir og neðan við hægra herðablað, voru 4 grunnar, nýlegar rispur, um 5 sm að lengd hver fyrir sig, og rétt aftan við vinstri holhönd voru 3 stuttar, bogadregnar rispur, sem líktust mest naglaförum.

Af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins fór þegar fram vettvangsrannsókn í framangreindri íbúð. Í þeirri rannsókn fundust sundurrifnar kvennærbuxur í baðherbergi íbúðarinnar, og í svefnherbergi fannst sloppur svo og bolur, sem var rifinn frá hálsmáli og niður úr. Þá segir í skýrslunni, að botn hjónarúms í herberginu hafi verið brotinn niður í miðju.

Samkvæmt rannsókn tæknideildar rannsóknarlögreglunnar fundust tveir stórir, blóðlitaðir blettir í laki hjónarúmsins, og þar fundust einnig þrír sæðisblettir. Við rannsókn á nærbuxum ákærða fundust tveir sæðisblettir. Þá fannst blóðkám ofan við hún á innanverðri svefnherbergishurð. Að lokum fundust gleraugu ákærða á gólfi baðherbergisins.

Vitnið K kveðst hafa farið í umrædda íbúð í [...] laust eftir hádegi laugardaginn 8. apríl sl. Þar kveðst hún hafa hitt A og B, sem búi beint á móti, og hafi þau boðið vitninu í heimsókn um kvöldið. Vitnið kveðst við svo búið hafa farið og komið aftur um kl. 18.00, en farið yfir í íbúðina til A og B um kl. 21.00. Er klukkan hafi verið orðin 22.00, hafi komið í heimsókn ungur maður, ákærði í málinu, og með honum systir hans, Rósa að nafni. Kveðst vitnið ekkert hafa þekkt ákærða að öðru leyti en því, að það hafi vitað, að hann hafi verið búinn að vera í fangelsi sl. 2 ár og komið út daginn áður. Er ákærði og Rósa hafi komið í heimsókn, kveðst vitnið hafa farið yfir í íbúð sína, og hafi Rósa og A komið þangað líka rétt á eftir. Þar hafi þær setið nokkra stund, áður en ákveðið hafi verið að fara í Þórscafé, en þangað hafi þau öll farið. Vitnið kveður, að um kl. 1.00 hafi ákærði boðið því upp í dans, og hafi vitnið dansað við hann. Er klukkan hafi verið að nálgast 3.00, kveðst vitnið hafa ákveðið að fara heim og ákærði orðið því samferða út. Er út hafi verið komið, hafi enga leigubifreið verið að fá og ákærði þá sagt, að foreldrar hans byggju að Nóatúni 30, og skyldu þau ganga þangað og reyna að hringja á leigubifreið. Hafi þau gert það og komið þangað um kl. 3.15. Hafi faðir ákærða hleypt þeim inn. Þar hafi þau reynt að hringja á leigubifreið, en það ekki borið árangur. Á meðan þau hafi verið þarna, hafi Rósa komið heim. Vitnið kveðst þá hafa ákveðið að fara út og freista þess að fá bifreið, og enn hafi ákærði fylgt vitninu út. Hafi hann, er þar var komið, verið orðinn talsvert drukkinn. Vitnið kveður aldrei hafa staðið til, að þau færu saman eitt eða neitt, en ákærði hins vegar ætlað að fara til A og B í [...]. Loks hafi tveir piltar

í bifreið fallist á að aka þeim fyrir 500 krónur. Er þau hafi komið, um klukkan 4.00, í anddyrið í [...] kveðst vitnið hafa opnað dyrnar inn á stiga-pallinn og um leið hringt á dyrabjöllu á íbúð A og B til að þau myndu opna fyrir ákærða. Þau hafi síðan gengið upp á stigapallinn á 1. hæð, þar sem íbúð vitnisins er á hægri hönd, en íbúð A og B til þeirrar vinstri. Vitnið kveðst hafa opnað og farið inn, en ákærði þá sagt, að ekki væri opnað fyrir sér í hinni íbúðinni. Kveðst vitnið hafa farið inn til sín, en skilið eftir opið, því að vitnið hafi boðist til að hringja yfir í íbúðina til A og B fyrir ákærða, svo að opnað yrði fyrir honum. Vitnið kveðst hafa ætlað að hringja, en ákærði rofið hringinguna og beðið vitnið um að bíða, þar eð hann ætlaði að hringja dyrabjöllunni lengur. Hafi ákærði farið fram og reynt að hringja dyrabjöllunni, en vitnið farið inn í herbergi, háttað sig og farið í slopp, enda ætlað að fara að sofa. Hafi vitnið þá verið íklætt nærbuxum, stórum, síðum bol og náttsloppnum. Er vitnið hafi ætlað að hringja öðru sinni, hafi ákærði komið í veg fyrir það og skellt símanum á. Vitnið kveður ákærða hafa ráðist á sig og haldið sér. Kveðst vitnið hafa öskrað, en ákærði haldið fyrir munninn á vitninu. Síminn hafi nú hringt og vitnið lyft símtólinu, en ákærði þrifið til vitnisins og lagt á.

Vitnið kveður símann hafa hringt tvívegis í viðbót, og í bæði skiptin hafi ákærði tekið upp símtólið og slitið sambandinu.

Vitnið kveðst nú hafa reynt að forða sér inn í baðherbergi, en þangað hafi ákærði elt vitnið og rifið niður um það nærbuxurnar og einnig rifið sundur bolinn, sem vitnið var í, í einum rykk. Kveðst vitnið hafa sloppið inn í svefnherbergið og getað lokað á eftir sér. Vitnið kveðst hafa setið á rúminu og beðið eftir því, hvort ákærði færi. Kveðst vitnið hafa verið alveg lamað, bæði eftir alla áreynsluna og af hræðslu. Vegna sykursýki, sem vitnið kveðst þjást af, kveðst það hafa verið orðið mjög slappt eftir átökin. Vitnið kveðst hafa kíkt fram og vonað, að ákærði væri farinn, þar sem það hafi ekkert heyrt í honum. Er það hafi komið fram á gang, hafi það mætt honum og hann þá orðinn allsnakinn og með „tiltekið líffæri“ í ákveðinni stöðu. Kveðst vitnið hafa fyllst algjörum hryllingi og þá endanlega gert sér ljóst, hvað fyrir ákærða veki. Kveðst vitnið hafa öskrað og flúið inn í svefnherbergið. Ákærði hafi elt vitnið þangað, rifið utan af því bolinn og sloppinn og kastað vitninu í hjónarúmið. Kveðst vitnið hafa barist um á hæl og hnakka og öskrað, en ákærði í engu sinnt því. Í þessum átökum hafi botninn í rúminu brotnað niður. Ákærða hafi að lokum tekist að leggjast yfir vitnið. Hafi hann reynt að halda fyrir munn vitnisins og vitnið bitið hann og klórað. Þá kveðst vitnið hafa náð að bíta ákærða í öxlina eða upphandlegginn. Kveður vitnið, að ákærða hafi að lokum tekist að koma getnaðarlim sínum inn í kynfæri vitnisins og byrja samfarahreyfingar. Það hafi þó staðið stutt yfir, þar sem hann hafi orðið fyrir utanað-

komandi truflun, er fólk hafi komið inn í herbergið. Hafi hann þá eiginlega verið hættur að reyna samfarahreyfingar og alveg hætt, er fókið birtist.

Vitnið kveðst hafa verið á tíðum og verið með tíðatappa. Kveðst vitnið hafa fundið mikið til, er ákærða hafi tekist að koma getnaðarlim sínum inn í kynfæri vitnisins. Vitnið kveðst hafa verið með sama tíðatappann við skoðun hjá Arnari Haukssyni um morguninn.

Vitnið kveður ákærða hafa spurt sig, eftir að fólkíð var komið á vettvang, hvort það ætlaði að kæra, og vitnið einungis öskrað á hann og sagt honum að fara út.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið D kveður kunningja sinn, E, hafa hringt í sig kl. 4.50 að morgni 9. apríl sl. og beðið vitnið að fara strax í íbúð sína í [...], því að þar væri eitthvað að. Hafi E sagt, að hann hafi verið að reyna að hringja þangað og símtólið verið tekið af og hann þá heyrð einhver öskur og læti, eins og verið væri að drepa einhvern. Vitnið kveðst hafa farið þangað ásamt dóttur sinni, F, og þau verið komin þangað um kl. 5.20. Hafi útidyr verið ólæstar svo og millihurð inn í stigaganginn. Vitnið kveðst hafa bankað ítrekað (sic) á dyrnar á íbúðinni, en ekki fengið svar. Er inn hafi verið komið, kveðst vitnið hafa heyrð angistarvein og gengið á hljóðið, sem hafi komið úr svefnherbergi, en dyrnar að því hafi verið lokaðar. Kveðst vitnið hafa opnað dyrnar og þá séð, hvar K, sem vitnið kveðst þekkja, lá á bakinu í rúminu, nakin að því er vitninu virtist, en með sæng yfir sér að einhverju leyti. Hafi nakinn karlmaður grúft sig skáhallt yfir hana, þannig að efri hlutinn var yfir henni. Vitnið kveður þau ekki hafa verið í samförum. Hafi K verið mjög miður sín og grátandi og talað um, að maðurinn hefði nauðgað henni. Kveðst vitnið hafa farið út, meðan maðurinn klæddi sig, og er hann hafi komið aftur, hafi hann einungis verið í nærbuxunum og verið að leita að fötunum. Kveðst vitnið hafa bent manninum á, hvar föt hans lágu snyrtilega saman brotin í öðru barnaherberginu. Vitnið kveður, að er K hafi komið út úr herberginu, hafi hún litið hörmulega út, vægast sagt. Hafi hún verið útgrátin og skolfið öll og nötrað. Hafi hún síðan sjálf hringt á lögregluna. Vitnið kveður manninum hafa verið brugðið, er vitnið hafi birst allt í einu, og hann verið fötur og illa útlitandi. Hann hafi verið kurteis og rólegur og sagt, að hann yrði í íbúðinni hinum megin við stigaganginn. Kveður vitnið hann hafa virst undrandi, er K hafi sagst ætla að kæra hann fyrir nauðgun.

Vitnið F kveðst umrædda nótt hafa farið með föður sínum, D, í [...] og þau verið komin þangað um fimmtán eða tuttugu mínútur yfir fimm. Hafi húsið verið opið og þau farið inn og bankað á dyrnar að íbúð E á 1. hæð til hægri. Enginn hafi svarað, en vitnið heyrð einhver angistarvein

eða grát. Hafi þau bankað tvisvar eða þrisvar og þá heyrt eins og kona kallaði upp. Hafi þau þá opnað og dyrnar reynst ólæstar. Þau hafi gengið á hljóðin, sem hafi komið frá svefnherberginu, opnað og kveikt ljós. Kveður vitnið, að K, sem vitnið kveðst kannast við, hafi legið í hjónarúminu, og virtist vitninu hún vera nakin. Hálfpartinn ofan á henni, en þó ekki alveg, hafi legið allsnakinn karlmaður, sem hafi farið ofan af eða frá henni, um leið og vitnið og faðir þess hafi komið inn. Hafi maðurinn verið rekinn í fötin og út og vitnið og faðir þess farið út úr herberginu. Maðurinn hafi síðan komið út úr herberginu, en aðeins í nærbuxum. Hafi hann leitað að fötunum um stund, en fundið þau inni í öðru barnaherberginu, en þar hafi þau verið tiltölulega snyrtilega saman brotin. Gleraugu mannsins hafi hins vegar legið á gólfinu í baðherberginu.

Vitnið kveður hjónarúmið hafa verið eins og það væri brotið í miðjunni, og í laki þess hafi verið blóðdropar. Þá kveðst vitnið hafa séð rifnar nærbuxur í baðherberginu. Þar hafi einnig verið appelsínugulur bolur, sem vitninu hafi sýnst vera rifinn að einhverju leyti. Vitnið kveður K hafa verið hágrátandi og skjálfandi af geðshræringu, og hafi hún margsagt mannum að fara út. Hafi hún verið algerlega máttfarin, en reynt að gefa frá sér einhver hljóð. Hún hafi jafnframt sagt vitninu og föður þess, að hún ætlaði að hringja á lögregluna og kæra manninn fyrir nauðgun. Hafi maðurinn heyrt þetta, verið brugðið og viljað tala einslega við K og þau farið aftur inn í herbergið. Að því búnu hafi maðurinn yfirgefið íbúðina og vitnið heyrt, að hann hringdi dyrabjöllunni á íbúðinni á móti.

Vitnið E kveðst hafa farið til Parísar föstudaginn 7. apríl sl. og talað við K í síma að kvöldi þess dags. Hafi þau ákveðið, að vitnið myndi hringja aftur á laugardagskvöld og K talað um að vera þá annaðhvort í íbúðinni í [...] eða sinni eigin íbúð á Kaplaskjólsvægi. Um kl. 4.00 að íslenskum tíma kveðst vitnið hafa hringt í símann í [...]. Hafi þá verið svarað, en enginn talað í símtólið. Kveðst vitnið hafa heyrt mikil læti, eins og eitthvað gengi á. Þá kveðst vitnið hafa heyrt niðurbæld óp og hróp og talið sig heyra í K. Síðan hafi verið lagt á. Eftir um 15 mínútur kveðst vitnið hafa náð sambandi á ný, og fór um það á sama hátt og áður. Vitnið kveðst hafa náð símasambandi í þriðja skiptið, en þá nánast samstundis verið skellt á aftur. Vitnið kveður símasambandið hafa varað í um 2-3 mínútur í tvö fyrri skiptin. Vitnið kveðst nú hafa hringt í kunningja sinn, D, og beðið hann að fara í íbúðina og kanna, hvað um væri að vera.

Vitnið G kveðst hafa vaknað um kl. 4.00 umrædda nótt við mikil læti í íbúð E. Kveðst vitnið hafa heyrt mikinn umgang, hurðaskelli og sífelld hróp og vein í konu. Kveðst vitnið hafa haldið, að verið væri að pína konu þarna uppi, þvílík hafi óhljóðin verið. Hafi hávaði þessi staðið yfir í klukkustund og náð hámarki klukkan 5.00 um morguninn. Vitnið kveðst

hafa talið, að um drykkjulæti væri að ræða, þar sem vitnið hafi oft orðið fyrir slíku ónæði frá þessari íbúð.

Vitnið A kveðst hafa boðið K heim til sín laugardagskvöldið 8. apríl sl., og hafi hún komið þangað um kvöldið, en farið svo yfir í sína íbúð til að fara í bað. Á meðan hafi ákærði komið og með honum Rósa, systir hans. Vitnið kveður, að fljótlega eftir, að ákærði hafi verið kominn, hafi vitnið og Rósa farið yfir í íbúð K. Þar hafi þær setið lengi og að lokum ákveðið um kl. 1.00 um nóttina að fara á dansleik. Hafi þau síðan farið öll í Þórscafé. Þar hafi ákærði og K dansað „eins og gerist“. Um kl. 2.30 kveður vitnið, að ákveðið hafi verið að fara heim. Kveðst vitnið hafa farið beint heim ásamt eiginmanni sínum, B, og þau strax farið að sofa. Kveður vitnið þau hjónin hafa sofið í öðru barnaherberginu. Vitnið kveðst alls ekki hafa átt von á ákærða heim til sín um nóttina og þvert á móti bent Rósu, systur hans, á, að hún og ákærði færu beint heim.

Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við, að síminn hringdi hjá sér eða dyrabjöllu hafi verið hringt um nóttina. Kveðst vitnið hafa vaknað um klukkan 6.00 um morguninn við það, að hamast hafi verið á dyrabjöllunni á íbúð vitnisins. Vitnið kveðst hafa farið til dyra og ákærði þá staðið þar. Kveður vitnið ákærða hafa sagt, að hann hafi verið „hinum megin“. Hafi vitnið hleypt honum inn og farið yfir í íbúð K. Hafi K sagt, að henni hefði verið nauðgað, en enginn myndi trúa henni.

Vitnið B kveðst hafa farið ásamt eiginkonu sinni, A, ákærða, Rósu, systur hans, og K í Þórscafé aðfaranótt 9. apríl sl. Hafi veitingahúsið verið yfirgefið milli klukkan 2.00 og 3.00 og þau hjónin verið komin heim um klukkan 3.00. Hafi þau farið að sofa mjög fljótlega og ekki átt von á neinum gestum til sín eftir dansleikinn. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við, að dyrabjöllunni hafi verið hringt um nóttina, eða símhringingar. Kveðst vitnið hafa vaknað við, að hamast hafi verið á dyrabjöllunni á íbúð vitnisins, en ekki gert sér grein fyrir, hvað klukkan hafi verið. Kveðst vitnið vita, að ákærði hafi komið inn og að eitthvað hafi komið fyrir, en ekki hvað.

Vitnið Rósa Pórey Elíasdóttir, systir ákærða, kveðst hafa farið í Þórscafé greint sinn. Kveðst vitnið hafa orðið mjög ölvað þar og týnt veskinu sínu. Kveðst vitnið ekki hafa vitað annað en ákærði hafi ætlað að gista á heimili sínu að Nóatúni 30 um nóttina. Vitnið kveðst hafa komið þangað að loknum dansleik og hafi ákærði og K þá verið þar að reyna að hringja á leigubífrið. Kveður vitnið, að ákærði hafi þá verið orðinn talsvert drukkinn, en ekkert þora að segja til um ölvunarástand K.

Vitnið Elías Arnlaugsson, faðir ákærða, kveður ákærða og konu, sem vitnið kveðst kannast við, en ekki hafa verið viss um, hver væri, hafa komið heim til vitnisins í Nóatún 30 um klukkan 3.30 aðfaranótt 9. apríl sl.,

og hafi eiginkona vitnisins opnað fyrir þeim. Hafi þau verið þar stutta stund, en komið síðan aftur að nokkurri stund liðinni, og kveðst vitnið þá hafa opnað fyrir þeim. Hafi þau bæði virst glaðleg og ánægð. Vitnið kveður, að A hafi síðan hringt í sig um klukkan 4.30 og beðið sig um að koma strax í [...], en þar hefði eitthvað gerst. Kveður vitnið, að er þangað hafi verið komið, hafi lögreglan verið komin og ákærði setið inni í eldhúsi hjá A. Hafi ákærði verið í mikilli geðshræringu og sagt eitthvað á þessa leið: „Ég veit ekkert, hvað hefur skeð.“ Kveðst vitnið hafa tekið utan um ákærða og reynt að róa hann, en þeir ekkert rætt saman.

Vitnið Aðalsteinn Sigfússon sálfræðingur kveður K hafa pantað tíma hjá sér hinn 6. apríl sl. vegna samskiptaórðugleika innan fjölskyldu, sem hefðu valdið kviða og óöryggi (sic) um langan tíma. Hafi hún komið til sín 11. apríl sl. og sagt, að sér hefði verið nauðgað. Hún hafi síðan komið til vitnisins 4 sinnum eftir þetta. Hafi hún sýnt taugaveiklunareinkenni, sem vitnið kveðst hafa upplifað (sic), að hafi verið vegna þess, að henni hafi verið nauðgað. Hafi það mörg einkenni komið fram, sem stemmt hafi við það, að hún hefði orðið fyrir áfalli. Kveður vitnið hafa borið á mikilli spennu hjá henni, svefnerfiðleikum, litlu sjálfsöryggi og erfiðleikum við að taka ákvarðanir. Hafi hún brostið í grát og átt erfitt með meðferð sína.

Ákærði var fyrst yfirheyrður af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 9. apríl sl. Skýrði hann þá svo frá, að hann hefði hitt K í íbúðinni á 1. hæð til vinstri í [...] kvöldið áður. Þaðan hefði verið farið á veitingastaðinn Þórscafé og þau K yfirgefið staðinn saman og reynt að fá leigubifreið, en það ekki gengið. Þau hefðu þá farið heim til ákærða að Nóatúni 30 og reynt að hringja á leigubifreið, sem heldur hefði ekki gengið. Hefðu þau yfirgefið heimili sitt og rölt af stað í átt að [...] og verið tekin upp í einhverja bifreið á leiðinni þangað. Er þau hefðu verið komin inn í íbúðina á 1. hæð til hægri í [...], hefði upphafist rifrildi milli sín og K. Kvaðst ákærði hafa viljað fara út, en K ekki. Hefði komið til átaka milli þeirra og ákærði rífið bol á K í þeim. Hefði K viljað, að ákærði færi, en hann neitað því. Upp úr þessum átökum kvaðst ákærði hafa farið fram í eldhús, en K inn í hjóna-herbergið. Kvaðst ákærði hafa farið nokkru seinna inn í herbergið og hún þá legið í rúminu með sængina breidda yfir sig. Kvaðst ákærði hafa afklæðst, áður en hann hefði lagst upp í rúmið við hliðina á henni, og síðan beðið hana um að hafa mök við sig, en hún neitað og orðið æst og slegið til sín. Hefðu orðið nokkur átök í rúminu, sem hefði lokið með því, að einhver maður, sem ákærði þekkti ekki, hefði komið að þeim allsnöktum í átökum. Kvaðst ákærði ekki vera með neina áverka eftir átökin.

Ákærði kom fyrir dóm sama dag. Kvað ákærði, að til átaka milli hans og K hefði komið vegna þess, að K hefði óskað eftir, að hann færi, en

hann ekki viljað það. Kvaðst ákærði hafa leitað eftir samförum við K, en hún ekki viljað það. Kvað ákærði ástæðuna fyrir átökunum eingöngu hafa verið þá, að hann hefði neitað að fara, en ekki, að K hefði neitað honum um samfarir.

Í yfirheyrslu næsta dag kvaðst ákærði vilja bæta því við fyrri framburð sinn, að eftir að hann hefði verið kominn upp í rúmið til K, hefði hún sagt eitthvað á þá leið, að hann ætti að vera í „steininum“, þar hefði hann gott af því að vera eða þar væri hann best geymdur. Kvað ákærði það hafa verið sameiginlega ákvörðun þeirra K, en tillögu sína, að þau gengju saman frá Nóatúni og ákærði fyndi með henni bifreið og þau færu saman heim til hennar. Kvað ákærði, að sér hefði ekki fundist, að kvöldið væri búið, og kannski haldið, að B og A væru ekki farin að sofa, og hugsað sér að heimsækja þau. Er í [...] hefði verið komið, kvaðst ákærði hafa hringt dyrabjöllunni í stigaganginum við dyrnar að íbúðinni og einnig dyrabjöllunni niðri í anddyrinu, einu sinni á hvorum stað, að því er ákærði kvaðst halda. Ákærði kvað ástæðuna fyrir því, að hann yfirgaf ekki [...], er þarna var komið, hafa verið þá, að þau K hefðu verið að kyssast á leiðinni frá Nóatúni 2, og er hringingum ákærða á íbúð B og A hefði ekki verið svarað, hefði K boðið sér inn til sín. Ákærði kvaðst hafa verið í eldhúsi íbúðarinnar, er K hefði haft fataskipti. Kvaðst hann ekki kannast við, að hún hefði hringt yfir í íbúðina til A og B, eftir að hún hefði verið komin fram. Ákærði kvað átökin milli þeirra hafa hafist á gangi íbúðarinnar og með því, að K hefði slegið sig með flötum lófa utan undir á aðra kinnina. Við þessu hefði ákærði brugðist með því að slá K á móti flötum lófa á vangann með hægri hönd (sic). Kvað ákærði, að meðan á átökunum hefði staðið, hefði síminn hringt tvívegis og ákærði svarað í bæði skiptin, en ekki átt nein orðaskipti við þann, sem hefði hringt, og slitið sambandinu svo til strax vegna þess, að K hefði hrópað á sig, að hann mætti þetta ekki. Ákærði kvað stuttan tíma hafa liðið á milli hringinganna, og hefði línan ekki verið opin nema nokkrar sekúndur hvort skiptið. Ákærði kvað, að eftir að símhringingunum hefði linnt, hefði K farið inn í hjónaherbergið að sofa og ákærði spurt hana áður, hvort hann mætti sofa hjá henni, og hún sagt, að það væri í lagi, ef hann léti hana vera. Ákærði kvaðst hafa afklæðst inni í hjónaherberginu, en farið áður á salernið og lagt gleraugun þar frá sér. Ákærði kvaðst örugglega telja, að hann hefði lagt fötin frá sér í hjónaherberginu, en þó ekki muna það alveg. Ákærði kvaðst ekki muna, hvað hann hefði gert við skó sína eða mittisúlpu. Ákærði kvaðst hafa séð nærbuxur K liggja á ganginum í íbúðinni, tekið þær upp og K þá rifið þær úr höndum ákærða. Þá kvaðst ákærði hafa rifið í bol, sem K hefði verið í, er hún hefði hlaupið í átt frá ákærða inn ganginn á íbúðinni. Kvaðst ákærði hafa tekið í hálsmál bolsins yfir öxl hennar og bolurinn

rifnað talsvert mikið við það, en ákærði hefði tekið eftir því, er K hefði farið úr honum, að hún hefði rifið hann meira.

Ákærði kvað þau K hafa slegist, eftir að þau hefðu verið komin upp í rúmið, vegna þess að hún hefði sagt, að hann væri best geymdur í „steininum“. Hefðu þau átök einnig borist út fyrir rúmið og ákærði dottið á það við það, að K hefði ýtt sér, og botninn á því þá fallið niður. Ákærði kvaðst hafa fengið smá-blóðnasir í átökunum, en ekki geta skýrt blóðbletti, sem fundust í laki rúmsins, að öðru leyti.

Við meðferð málsins kvaðst ákærði ekki alveg muna, út af hverju þau K hefðu byrjað að rifast greint sinn. Kvaðst ákærði muna, að hann hefði, er K hefði verið að ganga inn í herbergi, tekið í bol, sem hún hefði verið í, og hann rifnað eitthvað. Hefðu þau eitthvað farið að rifast og ákærði einhvern tímann spurð hana, hvort hún vildi koma upp í rúm. Hefði það verið allt í lagi, en kynmök hefðu ekki verið á dagskrá hjá sér eða henni. Ákærði kvað þau hafa verið komin upp í rúm, er síminn hefði hringt. Hefði ákærði svarað í hann, en ekki mátt það og K verið eitthvað æst út af þessu og þau rifist. Ákærði kvað, að eftir að komið var að þeim K uppi í rúmi, hefði hann farið yfir í íbúðina til A og B. Hefðu dyrnar að íbúðinni verið opnar og ákærði gengið beint inn og A komið hlaupandi á móti sér.

Ákærði kvað þau K ekki hafa haft samfarir umrædda nótt, og þá hefði hann heldur ekki gert tilraun til þess.

Ákærði kvaðst hafa verið látinn laus til reynslu kl. 7.45 að morgni hins 8. apríl sl.

Samprófun milli ákærða og K fór fram hér fyrir dóminum. Héldu þau bæði fast við framburð sinn, og bar hún því eigi árangur.

Við meðferð málsins var K spurð af verjanda um boð, sem hún hélt að Kaplaskjólsvægi 37 föstudagskvöldið 7. apríl sl., og þá sérstaklega, hve margir karlmenn hefðu verið þar. Kvað vitnið einn karlmann hafa verið þar, B, eiginmann A. Hins vegar var upplýst, að auk B hefði fyrrverandi eiginmaður K verið staddur þarna. Var K kvödd aftur fyrir dóminn af þessu tilefni og beðin um skýringu á því, hvers vegna hún hefði ekki minnst á hann í tilefni af spurningu verjandans. Kvað vitnið, að því hefði ekki fundist þetta skipta máli, og eins hefði það ekki viljað blanda eiginmanni sínum fyrrverandi inn í þessi mál sín.

Niðurstöður.

Þegar virtur er framburður vitnisins K, læknisvottorð í málinu, bæði um sýnilega áverka á líkama K svo og inni í kynfærum hennar, áverkar á ákærða, framburður vitnanna D og F, sem komu að ákærða liggjandi allsnöktum hálfvegis yfir K, framburður vitnisins E um hinar þrjár símhringingar greinda nótt, framburður vitnisins G um hróp og vein, sem bárust

frá íbúð þeirri, sem ákærði og K voru í um nóttina, ummerki á vettvangi, svo sem rifnar nærbuxur K og bolur, sæðisblettir í laki og nærbuxum ákærða, blóðblettir í laki og niðurbrotinn rúmbotn, framburður vitna um andlegt ástand K á vettvangi og eftir atburðinn, en allt framangreint styrkir framburð K, og tekið er mið af reikulum framburði ákærða um ýmis veigamikil atriði í málinu, þykir vera sannað, að hann hafi með ofbeldi þröngvað K til holdlegs samræðis að [...] hér í borg umrædda nótt. Varðar háttsemi ákærða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, sem er sakhæfur, var ákæru á hendur honum fyrir þjófnað frestað skilorðsbundið 2 ár hinn 6. júní 1979. Hinn 24. janúar 1986 var ákærði dæmdur í 3 ára fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga. Þeim dómi áfrýjaði ákærði til Hæstaréttar, þar sem hann var hinn 4. nóvember sama ár einnig sakfelldur fyrir brot gegn nefndum lagaákvæðum og dæmdur í 2½ árs fangelsi. Hinn 24. febrúar 1986 var ákærði sakfelldur fyrir fjárdrátt, en eigi gerð sérstök refsing. Þá var ákærði dæmdur hinn 13. febrúar 1987 til greiðslu sektar, m.a. vegna brots gegn 1. mgr. 159. gr. almennra hegningarlaga. Að auki hefur ákærða 12 sinnum verið refsað vegna umferðarlaga-brota, þar af 7 sinnum vegna ölvunaraksturs.

Hinn 8. apríl sl. var ákærða veitt reynslulausn á samtals 345 daga eftir-stöðvum refsinga samkvæmt 4 dómum.

Refsing.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður tekið mið af því, að hann hefur áður gerst sekur um alvarlegt skírlífisbrot. Þá verður ákærða samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 60. gr., sbr. 77. gr. sömu laga, ákveðin refsing í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt um, og svo með hliðsjón af þeirri refsivist, sem ólokið er og ákærði hlaut reynslulausn á hinn 8. apríl sl. Þykir refsing ákærða með vísan til þessa hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber að draga frá refsingunni gæsluvarðhald það, sem ákærði hefur sætt óslitið frá 9. apríl sl.

Skaðabætur.

Af hálfu K er þess krafist, að ákærði greiði henni kr. 1.000.000 í bætur vegna þess miska, er ákærði hafi gert henni „með líkamsárás aðfaranótt 9. apríl sl.“. Þá er krafist vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. apríl 1989 til greiðsludags.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni og verjandi hans jafnframt krafist þess, að henni verði vísað frá dómi sem órökstuddri.

Krafa þessi þykir nægilega skýr til þess, að um hana verði dæmt. Eftir úrslitum málsins og með hliðsjón af þeim andlegu og líkamlegu þjáningum, sem atburður sá, sem krafist er bóta út af, hefur samkvæmt gögnum málsins haft á brotþola, þykja bætur til hennar hæfilega ákveðnar 300.000 krónur. Ber að dæma ákærða til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá brotadegi, eða 9. apríl 1989, til greiðsludags.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 120.000 krónur, og saksóknarlaun, er renni til ríkissjóðs og þykja hæfileg 80.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðni Elíasson, sæti fangelsi 3 ár. Til frádráttar refsingunni komi óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 9. apríl 1989.

Ákærði greiði K 300.000 krónur ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. apríl 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 120.000 krónur, og saksóknarlaun, 80.000 krónur, er renni í ríkissjóð.